

# GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Vesturbyggðar.

## 1. gr.

### *Vatnsgjald.*

Af öllum fasteignum í Vesturbyggð sem tengdar eru vatnsveitu Vesturbyggðar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

## 2. gr.

### *Stofn til álagningar vatnsgjalds.*

Vatnsgjald skal lagt á skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,38% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða og 0,50% af fasteignamati allra annarra fasteigna og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

## 3. gr.

### *Gjalddagar.*

- a) Heimæðargjald: Gjaldþagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Í þeim tilvikum er lóðarhafi, með samþykki skipulags- og umhverfisráðs, nýtir lóð undir annað en byggingu miðast gjaldþagi heimæðargjalds við tengingu heimæðar.
- b) Vatnsgjald: Gjaldþagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.
- c) Notkunargjald: Gjaldþagar notkunargjalds eru á 2ja mánaða fresti. Eindagi er 20 dögum eftir gjaldþaga.
- d) Mælaleiga: Gjaldþagi leigugjalds fyrir mæli er 1. febrúar. Eindagi er 20 dögum eftir gjaldþaga.

## 4. gr.

### *Notkunargjald.*

Notkunargjald skal greiða skv. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga og 14. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga. Notkunargjald (aukavatnsgjald) er 22,47 kr./m<sup>3</sup> miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, 175,1 stig í október 2022 og breytist hverju sinni til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

## 5. gr.

### *Mælaleiga.*

Mælaleigu skv. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga og 14. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga skulu greiðendur notkunargjalds árlega greiða vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	10.271 kr.
20-24 mm	13.615 kr.
25-31 mm	17.154 kr.
32-39 mm	20.510 kr.
40-49 mm	27.410 kr.
50-74 mm	82.405 kr.
75-99 mm	89.299 kr.
100 mm og stærri	96.196 kr.

Mælaleiga er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 175,1 stig í október 2022 og breytist hverju sinni til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

þs)

<i>Þvermál heimæðar PE</i>	<i>6. gr.</i>	
	<i>Heimæðargjald vatnsveitu.</i>	<i>Yfirlengd</i>
	<i>Inntaksgjald</i>	
32 mm	339.659 kr.	7.267 kr. pr.l.m.
40 mm	441.067 kr.	8.277 kr.pr.l.m.
50 mm	594.847 kr.	9.297 kr.pr.l.m.
63 mm	834.805 kr.	11.495 kr.pr.l.m.
75 mm	1.167.702 kr.	16.050 kr.pr.l.m.
90 mm	1.412.762 kr.	25.350 kr.pr.l.m.
100 mm	1.667.898 kr.	29.162 kr.pr.l.m.
110 mm	1.947.149 kr.	38.937 kr.pr.l.m.

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu Vesturbyggðar við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitu. Innifalið í heimæðargjaldi er allt að 30 metra lögn.

*7. gr.*  
*Aukagjöld vegna sérstakra aðstæðna.*

Við sérstakar aðstæður, s.s. vegna frosts í jörðu og sprengingar á klöpp, skal greitt sérstakt álag er nemur 25% sem leggst ofan á heimæðargjald skv. 6. gr.

Þurfi að koma til dælingar vegna vatnsaga við lagningu heimæða, skal lóðarhafi greiða eftirfarandi:

Vatnsdæla	3.421 kr./sólarhring
Rafstöð fyrir dælu	4.561 kr./sólarhring

*8. gr.*  
*Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. 9. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

*9. gr.*  
*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Vesturbyggðar á 377. fundi þann 14. desember 2022, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, með síðari breytingum og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2023. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Vesturbyggðar nr. 1638/2021.

*Vesturbyggð, 14. desember 2022*

**Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri.**

ÞSD